

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Höllu Signýju Kristjánsdóttur um biðlista eftir hjúkrunar- og dvalarrýmum á Vesturlandi.

1. *Hversu margir einstaklingar sem farið hafa í gegnum færni- og heilsumat og eru á biðlista eftir hjúkrunar- eða dvalarrýmum liggja á heilbrigðisstofnunum í heilbrigðisumdæmi Vesturlands?*

Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands liggja átta einstaklingar sem bíða eftir varanlegu hjúkrunarrymi.

2. *Hversu stórt hlutfall þessara einstaklinga liggur á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi og bíður eftir hjúkrunar- eða dvalarrymi á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða?*

Af þessum átta einstaklingum eru fimm einstaklingar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi sem bíða þess að komast á hjúkrunar- og dvalarheimilið Höfða, eða 62,5%.

3. *Hversu mörg legurými eru á A- og B-deild Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi?*

Á lyflækningadeild er 18 bráðarými og á handlækningadeild eru 10 rými fyrir skurðsjúklinga.